

## REGLUR

### um lausafjánhættu lánastofnana.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um lánastofnanir, og samstæður þeirra, sem reikna lausafjánh lutfall í samræmi við reglur um lausafjánh lutfall lánastofnana, nr. 266/2017, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

#### 2. gr.

##### *Útreikningur á lausafjánh lutfalli.*

Lánastofnun sem skylt er að reikna lausafjánh lutfall skv. 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, í samræmi við reglur um lausafjánh lutfall lánastofnana nr. 266/2017, skal, eftir því sem við á, fylgja ákvæðum reglugerða (ESB) sem tilgreindar eru í 3. gr.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/233 frá 13. febrúar 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla þar sem skilgreining seðlabanka á hæfi tryggingar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, er afar þröng, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71-76. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 89-90.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2344 frá 15. desember 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gjaldmiðla með takmarkanir á tiltækileika lausafjäreigna í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71-76. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 91-93.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/709 frá 26. janúar 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilyrði fyrir beitingu undanþága varðandi gjaldmiðla með takmarkanir á tiltækileika lausafjäreigna, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71-76. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 82-86.
4. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/208 frá 31. október 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir viðbótarústreymi lausafjár sem samsvarar tryggingarþörfinni sem leiðir af áhrifum neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuvíðskipti stofnunar, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71-76. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 87-88.
5. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1230 frá 31. maí 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar aukalegu hlutlægu viðmiðanirnar fyrir beitingu ívilnandi útstreymis- eða innstreymishlutfalls lausafjár vegna ónotaðra lána eða lausafjáfyrirgreiðslu innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis, sem tekin var upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019, sem birt er í EES-

viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77-84.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1230 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32017R1230>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 177, þann 8. júlí 2017, bls. 7-10.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í f-lið 2. mgr. og f-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, taka gildi þegar í stað.

*Seðlabanka Íslands, 7. júní 2021.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júníusdóttir**  
framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. júní 2021